

Miðvikudaginn 2. nóvember 1983.

Nr. 65/1983. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Guðbjörgu Lindu Kærsted

(Gunnlaugur Þórðarston hrl.).

Bifreiðar. Manndráp af gáleysi. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Máli þessu var áfrýjað að ósk ákærðu með stefnu 10. mars 1983. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 23. ágúst s. á. Af hálfu ákærvalds er gerð krafa um staðfestingu héraðsdóms, þó þannig, að viðurlög verði þyngd.

Að tilhlutan ákærvalds og skipaðs verjanda ákærðu hefur farið fram framhaldsrannsókn í máli þessu eftir uppkvaðningu héraðsdóms. Hafa 5 vitni komið fyrir dóm til skýrslugjafar, sem ekki höfðu gefið skýrslur áður, þar á meðal Trausti Jónsson veðurfræðingur, sem telur mjög ólíklegt, að hálkublettir hafi getað myndast á slystaðnum, þegar slysið varð. Auk vitna þessara hafa ákærða og bifreiðaeftirlitsmaður sá, sem skoðaði bifreiðina R 27478 eftir slysið, komið fyrir dóm að nýju. Framburður þeirra og framangreindra vitna breytir ekki því, sem áður var komið fram í málinu. Þykir því ekki ástæða til að rekja hann frekar.

Að þessu athuguðu þykir rétt að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með vísan til forsendna hans, þó þannig, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa. Dæma ber ákærðu til að greiða allan áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 7.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 7.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó þannig, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá uppkvaðningu dóms þessa.

Ákærða, Guðbjörg Linda Kærnested, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 7.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, 7.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 17. febrúar 1983.

Ár 1983, fimmtudaginn 17. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 37/1983: Ákærvaldið gegn Guðbjörgu Lindu Kærnested, sem tekið var til dóms 14. þ. m.

Málið er höfðað fyrir dómnum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 17. f. m., á hendur ákærðu, Guðbjörgu Lindu Kærnested verkakonu, Brekkuseli 18 í Reykjavík, fæddri í Hafnarfirði 2. ágúst 1960.

Í ákærinni segir, að málið sé höfðað á hendur ákærðu „fyrir að hafa föstudaginn 22. október 1982 ekið bifreiðinni R 27478 án nægilegrar aðgæslu norður Reykjanesbraut í Reykjavík í myrkri með allt að 70 kílómetra hraða með þeim afleiðingum, að Jenný Jóhannesdóttir, fædd 12. febrúar 1908, sem leið átti yfir brautina við Álfabakka, varð fyrir bifreið ákærðu og höfuðkúpubrotnaði og hlaut heilaskaða, sem leiddu hana fljótlega til dauða.

Telst þetta varða við 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1980, 1. mgr. 37. gr., 1., 2. og a og b liði 3. mgr. 49. gr., 1. mgr. 50. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, sbr. samþykkt nr. 318/1977 um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík nr. 2/1930.

Þess er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þessir:

Föstudaginn 22. október sl., klukkan 1902, var lögreglunni í Reykjavík tilkynnt um umferðarslys, sem átt hafði sér stað á Reykjanesbraut við Álfabakka, en þar hafði kona á leið austur yfir eystri akbraut Reykjanesbrautar orðið fyrir fólksbifreiðinni R 27478, sem ekið var í norður eftir vinstri akrein. Þrír rannsóknarlögreglumenn fóru á vettvang, og gerði einn þeirra skýrslu um fyrstu afskipti lögreglunnar af málinu og vettvangsrannsókn hennar.

Af vettvangi mátti ráða, að konan hefði borist spöl með bifreiðinni, en síðan fallið í götuna og runnið eftir henni og út af akbrautinni inn á miðeyju Reykjanesbrautar norðan við gatnamótin. Þar lá konan, þar til sjúkra-

bifreið kom með lækni og hjúkrunarkonu, sem gerðu þegar viðeigandi ráðstafanir. Var konan flutt á slysideild Borgarspítalans, en var látin, er þangað kom.

Þegar slysið átti sér stað, var komið myrkur, en bjart veður, þurr, en kalt og vindur af norðri. Allgóð lýsing var á gatnamótunum. Hemlaför eftir bifreiðina mældust að afturenda hennar 33.30 m, jöfn eftir öll hjól.

Bifreiðaefirlitsmaður kom á staðinn og hemlaprófaði bifreiðina á 60 km hraða, og mældust hemlaförin að bifreið 14 m. Fór prófunin fram á slystaðnum, en malbikað yfirborð götunnar var þurr.

Á bifreiðinni var beygla á vélarhlíf vinstra megin við miðju, þokulugt var brotin og hliðarspegill á vinstri hurð skekktur.

Ökumaður bifreiðarinnar var ákærða, Guðbjörg Linda Kærnested, og var hún mjög miður sin eftir slysið og því ekki yfirheyrð í smáatriðum á staðnum. Ákærða kvaðst hafa ekið norður Reykjanesbraut eftir vinstri akrein og hefði hún ætlað áfram sömu leið. Kvaðst hún hafa verið með full ljós á bifreiðinni og líklega á 60 — 70 km hraða. Kvaðst ákærða hafa séð konuna, þegar hún hefði gengið út á akbrautina til austurs í veg fyrir bifreiðina. Hefði hún nauðhemlað um leið, en ekki getað afstýrt slysinu.

Hin látna hét Jenný Jóhannesdóttir, Háteigsvegi 6 í Reykjavík, og var fædd 12. febrúar 1908.

Tvö vitni gáfu sig fram að slysinu.

Verður nú gerð grein fyrir framburði ákærðu og vitna:

Ákærða skýrði svo frá, að hún hefði ekið fólksbifreiðinni R 27478 laust fyrir kl. 19 umræddan dag frá Brekkuseli 18 um Reykjanesbraut í norður áleiðis að húsi við Grensássveg.

Ákærða hafði ekið á hægri akrein vestur Breiðholtsbraut, en skipti yfir á vinstri akreinina, rétt þegar hún var að koma að gatnamótum Reykjanesbrautar. Hún kvaðst síðan hafa ekið á vinstri akrein norður Reykjanesbrautina.

Ákærða var ekki viss um, á hvaða hraða hún ók eftir Reykjanesbrautinni, þar sem hún leit ekki á hraðamælinn. Hún taldi þó, að hraðinn hafi verið 60 — 70 km.

Ákærða kvaðst hafa verið að flýta sér, og af þeirri ástæðu ók hún á vinstri akrein götunnar, en ekki á þeirri hægri. Hún kvaðst ekki hafa ekið fram úr neinni bifreið, eftir að hún kom á Reykjanesbrautina.

Þegar ákærða átti skammt ófarið að mótum Álfabakka, sá hún konu, sem komin var inn á vinstri akrein götunnar beint fyrir framan bifreið ákærðu.

Ákærða kvaðst hafa stigið á hemlana, er hún sá konuna, en nauðhemlaði ekki strax, þar sem henni fannst konan verða bifreiðarinnar vör og ætla

að snúa við. Þegar ákærða sá, að konan hélt áfram yfir götuna, nauðhemlaði ákærða.

Ákærða sagði, að henni hefði fundist bifreið vera á hlið við sig og því hefði hún ekki reynt að sveigja til hægri, og ekki hugkvæmdist henni að sveigja til vinstri, enda gerðust atburðirnir mjög snögglega.

Ákærðu fannst hún vera búin að nauðhemla nokkra stund, áður en konan varð fyrir vinstra framhorni bifreiðarinnar og kastaðist upp á vélarhúsið. Fannst ákærðu konan vera lengi uppi á vélarhúsinu, áður en hún féll af bifreiðinni og lenti á graseyju rétt norðan gatnamótanna.

Ákærða fullyrti, að hefði konan staðið kyrr, þar sem hún var, þegar ákærða sá hana fyrst, hefði hún ekki orðið fyrir bifreiðinni.

Vitnið Hreiðar Svanur Albertsson vagnstjóri, Sólheimum 25 í Reykjavík, kvaðst hafa ekið strætisvagni umrætt sinn vestur Álfabakka áleiðis norður Reykjanesbraut og var stadd í beygjunni við gatnamótin að bíða vegna umferðar norður Reykjanesbraut. Það sá bifreið aka á vinstri akrein norður Reykjanesbraut á leið að mótum Álfabakka. Á sama tíma sá vitnið konu á hraðri ferð og án hiks á leið austur yfir Reykjanesbraut rétt sunnan við gatnamótin. Vitnið fylgdist ekki nákvæmlega með ferðum bifreiðarinnar og konunnar og sá ekki, þegar bifreiðin ók á hana. Það horfði hins vegar á konuna, þar sem hún var uppi á vélarhúsi bifreiðarinnar, sem var í hemlun, og sá vitnið hana kastast út af vélarhúsinu, um það leyti sem bifreiðin stöðvaðist.

Vitnið sagði það fullvíst, að ekkert hefði verið athugavert við akstur bifreiðarinnar fyrir slysið. Því fannst hraði bifreiðarinnar ekki óeðlilegur, en þorði ekki að fullyrða um, hver hraði bifreiðarinnar hefði verið. Því fundust hemlaförin eftir bifreiðina óeðlilega löng miðað við hraða bifreiðarinnar. Vitnið gat þess, að um þann tíma, er slysið varð, hefði því fundist eins og snöggkólnaði og kæmu á göturnar eins og hálkublettir. Fannst vitninu eins og vagninn rynni til, er það stöðvaði við biðstöðvar í Breiðholtinu.

Vitnið treysti sér ekki til að segja til um, hvort bifreiðinni var ekið með ökuljósum, en þegar vitnið var komið út úr vagninum og að bifreiðinni, var ákærða búin að drepa á vélinni, og þá voru ekki ljós á bifreiðinni.

Vitnið Halldór Sverriss Magnússon bifreiðarstjóri, Laugavegi 158 í Reykjavík, kvaðst umrætt sinn hafa verið að aka bifreið suður Reykjanesbraut og beið vegna umferðar við syðri umferðareyjuendann við mót Álfabakka.

Vitnið sá konu ganga meðfram bifreið þess, og hélt hún út á vestari akrein eystri hluta götunnar. Þegar hún var komin út á miðja akreinina, virtist hún hika, en síðan hélt hún rakleitt áfram, og um leið varð hún fyrir bifreið, sem kom norður götuna á vinstri akrein. Frá vitninu séð virtist konan

stökkva á bifreiðina. Vitninu virtist eins og konan væri að reyna að forða sér, þegar hún hélt aftur af stað yfir götuna.

Vitnið sagði, að konan hefði lent framan á bifreiðinni vinstra megin og kastast upp á vélarlokið og síðan borist með bifreiðinni nokkurn spöl og kastast upp á graseyju á milli akbrautanna norðan við gatnamótin.

Vitnið Sigurður Pálsson rannsóknarlögreglumaður, Þingaseli 4 í Reykjavík, gerði skýrslu lögreglunnar um fyrstu afskipti hennar af málinu og hefur staðfest hana við meðferð málsins.

Vitnið kvaðst hafa mælt hemlaförin eftir bifreiðina með starfsbróður sínum. Vitnið minntist þess ekki að hafa orðið þess vart, að einhverjir hálkublettir væru á götunni.

Vitnið kvaðst hafa setið við hlið bifreiðaeftirlitsmannsins, er hann hraðaprófaði bifreiðina. Horfði vitnið á og sá, að bifreiðin var á 60 km hraða, er henni var nauðhemað. Vitnið var síðan við mælingu þessara hemlafara.

Vitnið Steinþór Hilmarsson rannsóknarlögreglumaður, Orrahólum 7 í Reykjavík, gerði vettvangsupprátt og skýringar við ljósmyndir, sem það tók á slysstaðnum. Hefur það staðfest þessi verk sín við meðferð málsins.

Vitnið kvaðst sjálft hafa mælt hemlaförin eftir bifreiðina, bæði eftir slysið og við hraðapröfunina. Naut það við það aðstoðar Gísla Þorsteinssonar, starfsbróður síns.

Vitnið varð ekki vart við neina hálkubletti á slysstaðnum.

Vitnið Gísli Ingimundur Þorsteinsson rannsóknarlögreglumaður, Laugarásvegi 47, Reykjavík, kvaðst hafa komið á slysstaðinn og aðstoðað við mælingu hemlafaranna. Vitnið sá skýrslu vitnisins Sigurðar og upprátt vitnisins Steinþórs. Það sá ekkert athugasvert við gögnin.

Vitnið minntist þess ekki að hafa orðið vart við hálkubletti á götunni, þegar það vann við hemlafaramælinguna.

Vitnið Jakob Sveinbjörnsson bifreiðaeftirlitsmaður, Bólstaðarhlíð 58 í Reykjavík, kvaðst hafa hraðaprófað bifreiðina á 60 km hraða á slysstaðnum. Kvaðst vitnið hafa litið á hraðamælinn, um leið og það nauðhemaði. Vitnið var ekki við mælingu hemlafaranna, en minnti, að þau hefðu verið um 14 m.

Vitnið sagði, að hemlunarskilyrði hefðu verið mjög góð á götunni, þegar það hraðaprófaði bifreiðina, þar sem engir hálkublettir voru á götunni.

Vitnið skoðaði bifreiðina og gerði skýrslu um skoðunina. Vitnið hefur staðfest skýrsluna við meðferð málsins, en í henni segir svo m. a.:

„Við skoðun og reynslu í akstri kom í ljós, að bifreiðin var í lagi. Ljós voru öll í lagi, einnig stýrisbúnaður. Rúður voru hreinar og flauta virk. Hjólbarðar voru fínmystraðir með góðu mynstri. Þurrkur í lagi. Við hemlapröfun reyndust hemlar virka vel á öll hjól og jafnir, einnig stöðuhemill. Hraðamælir var í lagi. Bifreiðin R-27478 var síðast skoðuð hjá

Bifreiðaeftirliti ríkisins að Bildshöfða 8, þann 20. júlí 1982 og var þá í lagi.

Bifreiðin R-27478 er Toyota Corona fólksbifreið, árgerð 1974, með vinstri hliðar stýri og vökvahemlabúnaði.“

Samkvæmt vottorði Veðurstofu Íslands var léttskýjað umræddan dag við veðurathuganir kl. 18 og 21 og hiti í fyrra skiptið 1.6 C°, en hið síðara 1.4 C°.

Lík hinnar látnu var krufið hjá Rannsóknastofu Háskólans, og í skýrslu Ólafs Bjarnasonar prófessors, dagsettri 25. október sl., segir svo um áverka á líkinu:

„Glóðaraugu eru á báðum augum. Á hægra gagnauga og teygjandi sig upp á utanvert ennið hægra megin og upp í hársvörðinn er stór marblettur. Nokkru ofan við hársræturnar utanvert á enninu hægra megin eru 2 skurfur í hársvörðinn, og mælist önnur 1.5 cm, en hin 1 cm á lengd. Skurfur þessar ná aðeins inn í húðina, en ekki í gegnum galea. Ofan til á nefinu er hrufll, sem mælist um 1 cm í þvermál, rauðbrúnleitt að lit, en grunnt. Undir hrufllinu er nefbeinið greinilega brotið að finna. Á hnúum hægri handar eru nokkur hrufll og efstu kjúkur löngutangar, vísifingurs og litla fingurs brotnar. Þegar umbúðir eru taknar af vinstri fótlegg, kemur í ljós opið brot á sköflungi nokkru neðan við miðju, og einnig er hann brotinn rétt neðan við hnéd, en þar er um lokað brot að ræða.“

Í lok skýrslunnar segir svo:

„Ályktun: Við krufninguna kom í ljós mikið höfuðkúpabrot. Blæðing var milli heilahimna og sköddun á heila og dreifðar blæðingar í heilavef á nokkru svæði. Ofangeindir áverkar hafa fljótlega leitt konuna til dauða.“

Ákærða ók um Reykjanesbrautina, sem er ein fjölfarnasta gata Reykjavíkur, í myrkri, en við götulýsingu, í átt að gatnamótum, þar sem bifreiðar biðu færís að komast inn á eða yfir götuna, sem ákærða ók. Ákærðu bar því að sýna aukna aðgát, en samt ók hún að eigin mati á 60 — 70 km hraða, þar sem leyfður er mestur hraði 60 km og þá miðað við bestu aðstæður, sem eigi voru þarna til staðar. Þá liggur fyrir, að hemlaför eftir nauðhemlun ákærðu mældust 33.30 m, en við hemlaprófun á 60 km hraða eftir slysið aðeins 14 m. Virðist því ljóst þrátt fyrir framburð vitna, að hraði bifreiðarinnar hefur eigi verið minni en sá, er ákærði álitur, þ. e. 60 — 70 km og jafnvel mun meiri, en samkvæmt framburði ákærðu var hún búin að draga úr hraða bifreiðarinnar, áður en hún nauðhemaði. Ósannað er, að hálkublettir hafi verið á götunni, sem lengt hafi hemlaförin. Ákærða sá ekki þrátt fyrir gott útsýni og góða götulýsingu til ferða konunnar, fyrr en hún var á leið inn á vinstri akreinina fyrir framan hana eða komin inn á hana. Samt nauðhemaði ákærða ekki þegar, heldur dró einungis úr ferð bifreiðarinnar í fyrstu, þar sem henni fannst konan verða bifreiðarinnar vör og ætla að snúa við.

Þegar allt framangreint er virt, er sannað, að ákærða hafi gerst sek um það, sem hún er ákærð fyrir, þ. e. að hafa ekið umrætt sinn án nægjanlegrar aðgæslu með allt að 70 km hraða, og er hún meðvöld að því, að konan Jenný Jóhannesdóttir varð fyrir bifreiðinni með þeim afleiðingum, að hún höfuðkúpubrotnaði og hlaut heilaskaða, sem leiddi hana fljótlega til dauða. Er þessi háttsemi ákærðu rétt færð til refsíákvæða í ákærinni.

Samkvæmt vottorði frá sakaskrá ríkisins hefur ákærða ekki áður sætt refsingu, svo að kunnugt sé.

Refsing ákærðu þykir hæfilega ákveðin 12.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, sem greiðist innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins, en ella sæti ákærða varðhaldi 20 daga.

Þá þykir ákærða með akstri sínum hafa unnið sér til þess að verða svipt ökuleyfi, svo sem krafist er í ákærinni og samkvæmt lagaákvæði því, er þar greinir. Þykir hæfilegt að svipta ákærðu ökuleyfi 1 ár frá uppkvaðningu dómsins að telja.

Loks ber að dæma ákærðu samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, dr. Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmans, kr.4.500.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærða, Guðbjörg Linda Kærnested, greiði 12.000.00 króna sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins, en sæti ella varðahaldi 20 daga.

Ákærða er svipt ökuleyfi 1 ár frá uppkvaðningu dómsins að telja.

Ákærða greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, dr. Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmans, 4.500.00 krónur.